

---

## STÆKKUN KJÚKLINGABÚS AÐ HURÐARBAKI, HVALFJARÐARSVEIT Álit um mat á umhverfisáhrifum

---

### 1 INNGANGUR

#### 1.1 Athugun Skipulagsstofnunar

Þann 11. júlí 2018 lagði Matfugl ehf. fram frummatsskýrslu um stækkun kjúklingabús fyrirtækisins að Hurðarbaki í Hvalfjarðarsveit, í allt að 192.000 eldisrými til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 19. júlí 2018 í Lögbirtingablaðinu, Bændablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 19. júlí til 31. ágúst 2018 á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Þann 5. júní 2019 lagði Matfugl ehf. fram matsskýrslu og óskaði eftir álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

#### 1.2 Gögn lögð fram

Frummatsskýrsla: Stækkun kjúklingabús að Hurðarbaki, Hvalfjarðarsveit, í allt að 192.000 eldisrými. Frummatsskýrsla. Efla, júní 2018.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 13. september 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með tölvupósti dags. 3. september 2018.
- Matvælastofnun með tölvupósti dags. 3. september 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 13. ágúst 2018.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 7. ágúst 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. ágúst 2018.

Eftirtaldir sendu athugasemdir á kynningartíma frummatsskýrslu:

- Eyjólfur Jónsson með bréfi dags. 30. ágúst 2018.
- Veiðifélag Laxár í Leirársveit með bréfi dags. 30. ágúst 2018.

Matsskýrsla: Stækkun kjúklingabús að Hurðarbaki, Hvalfjarðarsveit, í allt að 192.000 eldisrými. Matsskýrsla. Efla, 8. mars 2019.

Jafnframt bárust svör frá Matfugli í tölvupósti dags. 17. júlí 2019 við fyrirspurnum Skipulagsstofnunar.



## 2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að Matfugl áformi að stækka kjúklingabú sitt að Hurðarbaki í Hvalfjarðarsveit úr 80.000 eldisrýmum í allt að 192.000 eldisrými með byggingu fjögurra nýrra kjúklingahúsa austan við núverandi eldishús, sem eru tvö talsins. Hvert eldishús skiptist í tvær eldisdeildir eða hólf, hvort með eldisrými fyrir allt að 14.000 kjúklinga, eða alls 28.000 eldisrými í húsi. Með fjórum nýjum húsum sé því um að ræða aukningu um alls 112.000 eldisrými. Í hvert hólf fari u.þ.b. 1.000 kg af spæni í upphafi hverrar eldislotu. Eldistími hvers eldishóps sé um 35 dagar, en að þeim loknum séu húsin tæmd, hreinsuð og sóttthreinsuð. Að jafnaði sé hver framleiðsluringur um 42-49 dagar. Kjúklingum frá búinu að Hurðarbaki sé slátrað í sláturhúsi Matfugls í Mosfellsbæ. Hver hópur skilji eftir sig allt að 12,5 tonn af úrgangi, sem samanstandi af skít og spæni, sem mokað sé út úr eldishúsinu og færður í yfirbyggða hauggeymslu búsin. Eftir sóttthreinsun séu húsin látin standa tóm í allt að tvær vikur áður en nýr hópur kemur.

Fram kemur að fyrirhugað sé að byggja húsin á ræktuðu túni. Lengd hvers húss verði um 100 m og breidd 18-20 m (flatarmál 1.800-2.000 m<sup>2</sup>), sem er heldur minna en gert var ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi Hurðarbaks, og mænishæð mest 5,8 m. Í hverju húsi verði búnaður sem stjórnir loftræstingu, lýsingu, raka, fóðrun og hitastigi. Fóðursíló verði staðsett milli bygginga, utan við eldishúsin. Inni í húsunum verði lokaðir drykkjarstútar. Tvö ný frárennsliskerfi verði sett upp fyrir hver tvö hús, sem samanstandi af frárennslislögn, siturlögnum og settönkum. Norðan við alifuglahúsin og samsíða þeim sé gert ráð fyrir jarðvegsmön í þeim tilgangi að veita skjól og draga úr ásýnd húsanna úr dalnum.

### Hæsnaskítur

Í matsskýrslu kemur fram að hæsnaskít frá búinu verði dreift á tún Hurðarbaks og nærliggjandi bæja, þ.e. Hóls, Eyrar og Hlíðarfótar samkvæmt fyrirbyggjandi samningi. Landrými sem sé fyrir hendi innan jarðanna nægi þeirri viðbót af hæsnaskít sem falli til vegna stækkunar búsin. Gera megi ráð fyrir að heildarmagn hæsnaskíts frá stækkuðu búi verði um 1.210-1.480 tonn á ári. Magn og köfnunarefnisinnihald hæsnaskítsins ráði landþörf framkvæmdaraðila, og einnig þurfi að vera unnt að geyma hæsnaskít yfir það tímabil þegar dreifing á hæsnaskít sé óheimil (skv. ákvæði í starfsleyfi búsin má eingöngu dreifa skít á tímabilinu 15. mars til 15. júní og 15. september til 1. nóvember ár hvert). Gera megi ráð fyrir uppsöfnuðum 450-555 tonnum af hæsnaskít um miðjan mars. Hauggeymslan að Hurðarbaki rúmi þetta magn og meira til. Búfjáráburður sé eftirsóttur til notkunar sem áburður fyrir jarðveg og eins sem uppgræðsluefni, en mest skal dreifa 170 kg N/ha/ári. Búfjáráburði frá Hurðarbaki sé dreift á tún Hurðarbaks, Eyrar, Hóls og Hlíðarfótar í Hvalfjarðarsveit, auk þess sem möguleiki sé á dreifingu á land Hvítárvalla í Borgarfirði.

Samanlagt er vel riflega nægt landrými fyrir allan áburð frá stækkuðu búi. Umhverfisáhrif af völdum magns og meðhöndlunar hæsnaskíts frá stækkuðu búi Matfugls að Hurðarbaki eru metin óveruleg, enda sé bestu fánlegri tækni fylgt hverju sinni og fyllstu varkárni gætt þegar kemur að dreifingu.

## 3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í matsskýrslu Matfugls er lagt mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti. Við mat á vægi áhrifa í matsskýrslunni er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar. Í leiðbeiningunum eru skilgreindar einkunnir fyrir vægi umhverfisáhrifa, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg áhrif, talsvert jákvæð áhrif og verulega jákvæð áhrif. Tveimur vægiseinkunnum hefur verið bætt við í matsskýrslunni, þ.e. nokkuð neikvæð og nokkuð jákvæð áhrif. Skýringar á ofangreindum hugtökum er að finna í töflu 4



í leiðbeiningunum og kafla 3.1 í matsskýrslunni. Í þessu álitni notar Skipulagsstofnun sömu vægiseinkunnir og gert er í matsskýrslu Matfugls.

### 3.1 Mengunarálag vegna næringarefna

Í matsskýrslu kemur fram að við stækkun á kjúklingabúinu að Hurðarbaki falli meira til af hænsnaskít vegna aukins eldisrýmis. Ef upplýsingar úr matsskýrslu um kjúklingabú Matfugls á Melavöllum á Kjalarnesi heimfærð á búið, þá sé árlegt magn hænsnaskíts fyrir stækkun á bilinu 530-650 tonn á ári en eftir stækkun verði það á bilinu 1.210-1.480 tonn. Gert sé ráð fyrir uppsöfnuðum 450-555 tonnum af hænsnaskít í geymslu um miðjan mars. Fyrirhugað sé að núverandi haughús verði nýtt áfram enda talið anna geymsluþörf búsins að stækkun lokinni. Helstu umhverfisáhrif vegna meðhöndlunar á hænsnaskít tengist notkun hans á tún, en skíturinn er ríkur af næringarefnum, bæði köfnunarefni og fosfór, og því vinsæll í uppgræðsluverkefni og sem áburður á ræktað land. Köfnunarefni og fosfór í hænsnaskít bindist vel í gróðri og jarðvegi og köfnunarefnismengun sé nær eingöngu bundin við nítrat sem skolist auðveldlega út. Ef gróður er tilbúinn að taka við köfnunarefni og áburðarmagn sé hóflegt er hætta á mengun vegna nítrats mjög lítil. Því sé afar mikilvægt að fylgja viðmiðum um álag vegna dreifingar hænsnaskíts.

Mælingar að Melavöllum, hafi sýnt að styrkur köfnunarefnis, rokgjarns köfnunarefnis og fosfórs í skítunum voru innan viðmiða Evrópusambandsins. Einnig mældist þurrefnisinnihald hænsnaskítsins hátt, sem telst gott því það dragi úr rakamyndun í húsunum og minni lykt er af þurrari skít og minni mengunarhætta stafar af þurrum búfjáráburði. Gert sé ráð fyrir að þessi gildi haldist við stækkun búsins, enda muni framkvæmdaraðili áfram starfa í samræmi við starfsreglur um góða búskaparhætti. Samkvæmt Evróputilskipun og starfsleyfi búsins skal dreifing nýtanlegs köfnunarefnis á viðkvæmt land vera að hámarki 170 kg N/ha/ári. Séu niðurstöður mælinga að Melavöllum heimfærðar upp á búið að Hurðarbaki og áætlað magn skíts 1.210 - 1.480 tonn og köfnunarefnisinnihald 3,4%, má áætla að árlegt magn köfnunarefnis í hænsnaskít frá stækkuðu búi verði tæplega 46 tonn N/ári að meðaltali. Miðað við nýtanlegt N, 170 kg N/ha/ári, sé heildarlandþörf framkvæmdaáðila því á bilinu 250-300 ha/ári. Gert sé ráð fyrir að dreift verði á land fyrrgreindra jarða í samræmi við starfsreglur um góða búskaparhætti, og nemur aðgengilegt landssvæði til dreifingar ríflega 270 ha og því áætlað magn köfnunarefnis 168 kg N/ha að meðaltali. Til viðbótar er samningur í gildi milli Matfugls og ábúanda Hvítárvallda í Borgarfirði þar sem möguleg sé dreifing á ríflega 80 ha landbúnaðarlands til viðbótar. Búið hafi því aðgang að landssvæði sem mæti rúmlega þörf þess til dreifingar á húsdýraáburði. Þar sem hænsnaskíturinn sé mjög þurr megi búast við einhverju foki hans við dreifingu. Slíkt gæti bæði valdið tímabundnum sjónrænum áhrifum og óþægindum fyrir nágretta Matfugls í ákveðnum vindáttum og vindstyrk. Með hliðsjón af framangreindum viðmiðum um meðhöndlun hænsnaskíts og umhverfisáhrifum er það mat framkvæmdaraðila að áhrif vegna meðhöndlunar hænsnaskíts verði óveruleg.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er hnykk á viðmiðunum í starfsreglum um góða búskaparhætti um að ekki skuli dreifa meira en sem nemi 170 kg N/ha/ári þar sem líklegt sé að næringarefnin nýtist bærillega. En ávallt þurfi að gæta að því að húsdýraáburður sem dreift er á tún mengi hvorki skurði né læki. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða dreifingu húsdýraáburðar.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur brýnt að viðmið um dreifingu húsdýraáburðar í reglum um góða búskaparhætti verði haldin. Gangi það eftir telur Skipulagsstofnun að mengunarálag vegna næringarefna verði óverulegt. Mestu skiptir að hóflegu magni verði dreift á hvern hektara hverju sinni og að aldrei verði dreift á frosna jörð og þar með komið í veg fyrir uppsöfnun næringarefna á einstökum stöðum.



### 3.2 Fráveita

Í matsskýrslu kemur fram að gert sé ráð fyrir að tveir nýir settankar verði byggðir í tengslum við nýju húsin – eitt kerfi fyrir hver tvö hús. Búskaparhættir í nýju húsunum verði á sama veg og í eldri húsunum. Líkt og þar verði frárennsli frá húsunum mjög takmarkað á eldistímanum og sé hvert hús þrifið að meðaltali átta sinnum á ári. Eingöngu sé um að ræða skolvatn sem falli til við þrif húsa og muni það innihalda ryk af gólfi húsa ásamt hreinsiefni. Um 3.000-5.000 lítrar af skolvatni séu notaðir við þrif á hverju hólfi og er rennsli í kringum 1 m<sup>3</sup>/klst. Rannsóknir sýni að óuppleyst efni í fráveituvatni frá hæsnahúsum falli mjög hratt til botns í kyrru vatni. Því henti mjög vel að ná fram hreinsun með settanki og siturlögnum. Þessi frárennslislausn hafi reynst vel á Melavöllum og litlar líkur sé á mengun umhverfisins vegna frárennslis frá kjúklingahúsum þegar þessi frárennslislausn er notuð. Gert sé ráð fyrir að staðið verði að tæmingu nýju tankanna eins og gert er í dag, þ.e. að þeir séu tæmdir eftir þörfum og úrgangi fargað viðurkenndum urðunarstöðum. Áhrif af völdum stækkunar búans á frárennsli verði óveruleg, enda eru og verða mengunarvarnir á frárennsli.

Skipulagsstofnun telur að með hreinsibúnaði með setfellingu á fráveitu verði óveruleg neikvæð áhrif af fráveitu kjúklingabúsins á umhverfið. Ekki er um að ræða stöðugt frárennsli heldur eingöngu þegar eldishólf eru þrifu í lok eldistíma. Skipulagsstofnun telur að Matfugl hafi fært rök fyrir fullnægjandi ráðstöfun með fellingu í settönkum og förgun fastra efna á viðeigandi urðunarstað.

### 3.3 Loftgæði – lykt

Í matsskýrslu kemur fram að markmið BAT krafna sé m.a. að lágmarka lyktarmengun frá kjúklingahúsum. Því blautari sem hæsnaskítur sé því meira lykti hann. Það sé því mikilvægt að tryggja gott hitastig í kjúklingahúsum, góðan undirburð en umfram allt koma í veg fyrir að vökvi komist í snertingu við hæsnaskítinn. Í nýju kjúklingahúsum Matfugls verði steipt gólf, innbyggðar hitalagnir, vélræn loftræsting og lokaðir drykkjarstútar. Í hvert hólfi fari um 1.000 kg af spæni. Samkvæmt rannsóknum á hæsnaskít frá þessum nýju húsum er þurrefnisinnihald hans á bilinu 74-86%. Hátt þurrefnisinnihald hæsnaskítsins muni því draga verulega úr hugsanlegri lykt frá honum. Aftur á móti gæti þurrefnisinnihald skítsins valdið því að hann fjúki frekar við dreifingu og þar með valdið einhverjum óþægindum fyrir nágretta Hurðarbaks. Slíkt yrði þó hægt að lágmarka ef tillit verði tekið til veðuraðstæðna hverju sinni áður en skít er dreift. Framkvæmdaraðili geti tekið tillit til veðurfars á svæðinu þegar eldishólf séu tæmd áður en komi að dreifingu hæsnaskíts. Helsta uppspretta lyktarmengunar verði frá kjúklingahúsunum sjálfum en það hversu sjaldan hæsnaskít sé dreift á tún og akra og snögg uppgufun lyktandi efna, gerir það að öllum líkindum að verkum að stækkað bú muni hafa lítil áhrif á lyktarmengun á svæðinu. En bein áhrif framkvæmdarinnar á lyktarmengun verði, með hliðsjón af ríkjandi vindáttum, neikvæð fyrir íbúa vestan Hurðarbaks.

Framkvæmdaraðili mun taka tillit til vindátta og vindstyrks þegar dreifing er undirbúin á svæðinu í kringum Hurðarbak til að lágmarka bæði lyktarmengun og hugsanlegt fok á efni sem valdið gæti óþægindum fyrir nágretta Matfugls á svæðinu. Jafnframt verður hæsnaskít einungis dreift í litlu magni á hvern hektara. Leitast verður við að geyma skítinn áður en honum er dreift, og þannig ætti að nást fram minni uppgufun og lyktarmengun en ella. Með hliðsjón af ofangreindu er það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar m.t.t. lyktarmengunar verði óveruleg.

Í athugasemd Eyjólfssonar er bent á að í Hlíð hafi verið rekin gistipjónusta í 32 ár. Á góðviðrisdögum finnst vel fyrir skítalykt sem berist frá þeim húsum sem nú séu í notkun sem og þegar verið sé að dreifa skít. Óttast er að lyktarmengun aukist verulega með stækkuðu búi.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir það að með stækkuðu búi aukist líkur á lyktarmengun. En uppsprettur lyktarmengunar frá búinu séu aðallega útblástur frá húsum og dreifing hæsnaskíts á tún. Húsin séu rekin þannig að sem minnst lykt myndist. Góð og öflug loftræsting sé á búinu, en skipt var um loftræstikerfi á árunum 2016-2017. Samsvarandi kerfi verði komið upp í nýjum eldishúsum. Undirburður í húsum sé þurr til að koma í veg fyrir að lykt myndist, og sé hann þurrari



eftir endurnýjun á loftræstikerfi. Með þessu móti sé öll myndun lyktar lágmörkuð og með öflugri loftræstingu tryggt að loft frá húsum blandist hratt og vel við loftið umhverfis. Ákvæði í starfsleyfi búsins að Hurðarbaki kveði á um að allan hæsnaskít sem verði til við starfsemina skuli nýta sem áburð. Má vænta þess að lykt berist frá túnnum fyrst eftir að áburður hefur verið borinn á vegna uppgufunar á ammóníaki. Hvorki Heilbrigðiseftirliti Vesturlands né Umhverfisstofnun hafa borist formlegar kvartanir vegna lyktarmengunar frá búinu í hartnær áratug.

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar kemur fram að það kunni vera rétt að ekki hafi verið kvartað til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna lyktar frá býlinu en það sé engu að síður þannig að lykt frá Hurðarbaki valdi nú þegar óþægindum og ama bæði á meðal nágretta og veiðimanna sem veiði í Laxá í Leirársveit. Hafi óánægja með lyktarmengunina verið nokkur þrátt fyrir að skíturinn sé geymdur og honum dreift þurrum til að draga úr lykt. Telur sveitarfélagið augljóst að stóraukið magn skíts, bæði í hauggeymslu að Hurðarbaki og á þeim túnnum sem skítinum er dreift á, muni leiða til stóraukinnar lyktarmengunar. Fyrir utan það hve slíkt sé leiðigjarnt geti svoleiðis nokkuð haft í för með sér minni áhuga veiðimanna til að kaupa veiðileyfi í Laxá og minni áhuga ferðamanna á að kaupa sér gistingu að Hlíð. Sveitarfélagið telur að ekki sé því hægt að halda því fram eins og gert sé í skýrslunni að áhrif framkvæmdarinnar á lyktarmengun verði óveruleg.

Í svörum Matfugls kemur fram að ekki sé gert lítið úr þeirri staðreynd að hætta sé á að lyktarmengun aukist og einmitt þess vegna verði leitast við að draga úr henni, líkt og útlistað er í frummatsskýrslu. Einnig sé um skilgreint landbúnaðarsvæði að ræða samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar og ekki er gert ráð fyrir að lyktarmengun verði meiri en almennt megi gera ráð fyrir til sveita þar sem stundaður er landbúnaður.

Skipulagsstofnun telur veigamestu umhverfisáhrif af stækkun kjúklingabúsins að Hurðabaki verða áhrif á loftgæði. Kjúklingahúsin verða eftir sem áður stöðug uppspretta ólyktar og munu áhrif ólyktar aukast meira en sem nemur hlutfallslegri stækkun búsins. Ólykt frá dreifingu kjúklingaskíts er bundin við ákveðinn tíma og er að miklu leyti unnt að stýra dreifingu hans eftir veðri og aðstæðum. Mestu óþægindin eru bundin við sterka lykt þegar skítinum er dreift og fyrst á eftir, á meðan rokgjörnustu efnasamböndin eru að gufa upp. Öðru máli gegnir um lykt frá kjúklingahúsunum. Ekki er gert ráð fyrir hreinsun á útblæstri frá húsunum en Matfugl hefur tilgreint margvíslegar aðgerðir sem miða að því að draga úr lykt. Þær aðgerðir felast fyrst og fremst í því að halda húsunum eins þurrum og mögulegt er með hitalögnum, undirlagi og loftræstingu. Þar með eru líkur til að mun minni lykt berist frá húsunum. En Skipulagsstofnun efast um ávinning þeirra til að draga úr lykt frá húsunum þar sem aðgerðirnar muni fremur verða til þess að hæsnaskíturinn verði mun lyktarminni. Skipulagsstofnun telur að óþefur frá eldishúsunum muni aukast með stækkuðu búi en að unnt verði að koma í veg fyrir veruleg óþægindi vegna lyktar frá dreifingu hæsnaskíts. Skipulagsstofnun telur að áhrif stækkaðs kjúklingabús muni hafa talsverð neikvæð áhrif á loftgæði vegna lyktar.

### 3.4 Vatn

Í matsskýrslu kemur fram að heildarkaldavatnsnotkun búsins verði um 24.000 lítrar á sólarhring að meðaltali (0,28 l/sek.) eftir stækkun. Vatnsnotkun muni því aukast úr 0,128 l/sek í 0,278 l/sek. Skv. upplýsingum frá Vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar muni vatnsveitan anna þeirri aukningu.

Fram kemur að yfirleitt sé köfnunarefni í straum- og stöðuvötnum lágt. Þetta sé einnig niðurstaða nýlegrar mælingar Matfugls í Laxá, sem reyndist næringarfátæk um þremur vikum eftir að hæsnaskít var dreift á nærliggjandi tún. Miðað við að dreifing á hæsnaskít á tún og akra Hurðarbaks, Hlíðarfótar, Hóls og Eyrar sé, skv. þeim viðmiðum og kröfum sem fram eru settar, lítil hætta á því að næringarefni mengi grunnvatn svæðisins. Framkvæmdin muni hvorki hafa áhrif á vatnsból Hurðarbaks þar sem það er hærra í landi en það svæði sem dreift verður á, né önnur vatnsból í sveitinni. Með hliðsjón af ofangreindum viðmiðum um afrennsli og grunnvatn og



einkennum mögulegra áhrifa er það mat framkvæmdaaðila að áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn verði óveruleg.

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar kemur fram að meta þurfi hvort að stækkun kjúklingabús, sem hafi í för með sér meira en tvöföldun núverandi framleiðslugetu og þar með mikla aukningu hænsnaskíts sem dreift sé á tún m.a. við Laxá, hafi áhrif á vatnsgæði viðkvæms vistkerfis í Laxá sem og í Grunnafirði.

Í athugasemd Eyjólfssonar kemur fram að ekki sé vitað hvort eða hvaða áhrif núverandi starfsemi hafi haft á lífríki Laxár þar sem litlar eða engar rannsóknir hafi verið gerðar á því.

Í svörum Matfugls kemur fram að sýni sem voru tekin úr Laxá árið 2010 og í júlí 2017 gefi til kynna ástand köfnunarefnis í vatni árið áður en skít hafi verið dreift. Dreift hafi verið á tún Hurðarbaks haustið 2017 og vorið 2018 og mælt aftur styrkleiki næringarefna (heildar köfnunarefnis) í vatni í Laxá í október 2018 til að meta hvort köfnunarefni væri að berast í miklu magni í ána. Ekki sé marktækur munur í styrkleika næringarefna ofan og neðan við Hurðarbak og sé um lágan styrk köfnunarefnis að ræða, eða 0,15 mg/l af N ofan við tún Hurðarbaks og 0,16 mg/l af N við brúna og sé áin enn skilgreind sem næringarfátæk skv. flokkun í C hluta fylgiskjals reglugerðar 796/1999.

Skipulagsstofnun telur að Matfugl hafi sýnt fram á að ekki séu miklar líkur á því að dreifing kjúklingaskíts muni hafa í för með sér verulega aukin styrk köfnunarefnis í Laxá. Sú niðurstaða byggir á því að dreifing feli í sér hóflegt magn á hvern hektara eins og gert sé ráð fyrir í starfsleyfi og reglum um góða búskaparhætti. Fram hefur komið að Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar hefur gefið vilyrði fyrir því að sjá stækkuðu kjúklingabúi fyrir neysluvatni en þess utan sé vatnsból í landi Hurðarbaks sem hefur ekki verið nýtt. Skipulagsstofnun telur að áhrif stækkaðs kjúklingabús á vatn verði óveruleg. En jafnframt sé unnt að afla meira vatns í landi Hurðabaks ef Vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar auðnast ekki að sjá búinu fyrir auknu vatni.

#### 4 SKIPULAG OG LEYFI

Í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 er Hurðarbak skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í deiliskipulagi jarðarinnar er gert ráð fyrir alls 6 alifuglahúsum. Áform Matfugls rúmast innan þeirra reita sem ætlaðir eru fyrir eldishúsin.

Hvalfjarðarsveit lýsti því yfir í umsögn um tillögu að matsáætlun fyrir stækkun kjúklingabúsins að ráðgert væri að endurskoða deiliskipulag svæðisins sem væri komið til ára sinna.

Framkvæmdin er háð byggingaleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga og 9. gr. laga um mannvirki. Einnig starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

#### 5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Matfugls sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum.

Matfugl áformar að stækka kjúklingabú sitt að Hurðarbaki í Hvalfjarðarsveit úr 80.000 eldisrýmum í allt að 192.000 eldisrými með byggingu fjögurra nýrra kjúklingahúsa austan við núverandi eldishús, sem eru tvö talsins.

Skipulagsstofnun telur að Matfugl hafi sýnt fram á að áhrif stækkaðs kjúklingabús vegna næringarefna á jarðveg og vatn verði óveruleg. En það byggir á því að dreifing kjúklingaskíts verði í samræmi við starfsreglur um góða búskaparhætti og sambærilegra viðmiða í starfsleyfi búsins.





Þrátt fyrir stækkun og það að mun meira falli til af kjúklingaskít þá koma takmarkanir á magni skíts á hvern hektara í veg fyrir alvarlega mengun í jarðvegi og vatni.

Skipulagsstofnun telur að neikvæðustu áhrif stækkaðs kjúklingabús verði vegna ólyktar. Ef vel er að verki staðið á að vera unnt að dreifa hæsnaskít án þess að ólykt valdi verulegum óþægindum. Ástæða þess er takmarkaður dreifingartími, auk þess sem mögulegt er að taka tillit til aðstæðna þegar fyrirhugað er að dreifa hæsnaskítum og unnt að taka tillit til veðurfars og að einhverju leyti að velja dreifingarsvæði með hliðsjón af aðstæðum. Í ljósi þessa er í flestum tilfellum um að ræða óveruleg áhrif á loftgæði vegna ólyktar af kjúklingaskít.

Öðru máli gegnir um lykt frá eldishúsunum. Eldishúsin eru stöðug uppspretta ólyktar hvernig sem aðstæður eru. Það er hins vegar komið undir umhverfisaðstæðum hversu mikil óþægindi hljóttast af lyktinni. Það er góðra gjalda vert að ráðast í aðgerðir til að draga úr bleytu og raka í eldishúsunum með margvíslegum aðgerðum líkt og Matfugl ráðgerir. Skipulagsstofnun telur hins vegar að þær aðgerðir skili sér fyrst og fremst í lyktarminni skít en hafi óveruleg áhrif á ólykt frá eldishúsunum. Eldishúsin munu að lokinni stækkun verða mun meiri uppspretta ólyktar heldur en verið hefur. Hægvíðri er líklegt til að bera ólyktina til næstu bæja en ríkjandi vindáttir bera ólykt til þeirra bæja sem eru vestan við Hurðarbak. Skipulagsstofnun telur að áhrif á loftgæði á þeim bæjum muni verða talsvert neikvæð.

Fyrirhuguð framléiðsluaukning að Hurðarbaki er meira en tvöföldun eða úr 80.000 í 192.000 eldisrými. Það er því óhjákvæmilegt að eldishúsin verða miklum mun meiri lyktaruppspretta en verið hefur. Við mat á umhverfisáhrifum hafa ekki komið fram ábendingar um mögulegar beinar mótvægisáðgerðir til að draga úr lykt frá eldishúsunum. En talsverð óvissa ríkir um það hversu mikil óþægindi nágrennar Hurðarbaks munu upplifa í kjölfar stækkunar. Skipulagsstofnun telur því óráð að ráðast í fulla stækkun búsins í einum áfanga. Því leggur stofnunin til að ekki verði ráðist í fulla stækkun í einum áfanga heldur verði heimiluð stækkun bundin við smærri áfanga. Að því búnu verði búið rekið í nokkurn tíma og lagt mat á það hvort heimilt verði að ráðast í frekari stækkun eða hvort lagst verði gegn frekari stækkun þar sem loftmengun vegna ólyktar hafi aukist það mikið að frekar skuli takmarka starfsemina heldur en auka við hana. Skipulagsstofnun telur ekki rétt að leggja fram beinar tillögur um hversu stóra áfanga skuli heimila. Eðlilegt er að Umhverfisstofnun taki ákvörðun við starfsleyfisútgáfu um stærð áfanga að teknu tilliti til hagkvæmra eininga framkvæmdaraðila.

Reykjavík, 14. ágúst 2019

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson